

Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 ÞÓRSHÖFN

Garðabær, 31. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0043
SS

Efni: Breyting á aðalskipulagi og endurskoðað deiliskipulag fyrir hafnarsvæði Þórshafnar – umsögn Náttúrufræðistofnunar.

Vísað er í tölvubréf frá Langanesbyggð sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 20 júní 2024. Þar er annars vegar óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 vegna stækkunar á hafnarsvæði Þórshafnar og hins vegar um endurskoðað deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skjöl með báðum málum og skilar einni umsögn um þau. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi eða endurskoðun deiliskipulags. Stækkun hafnarsvæðisins fer fram innan marka núverandi hafnar þar sem strand- og grunnsævisvæði eru þegar röskuð. Þær framkvæmdir sem áætlaðar eru s.s. ný landfylling og lengingar á hafnarkanti og varnargarði sem og dýpkanir fara fram á þegar röskuðum svæðum.

Huga þarf að mengunarvörnum og -eftirliti í tengslum við framkvæmdir á hafnarsvæðinu sem og áætlaðri starfsemi oliubirgðastöðvar. Tekið er undir ábendingar Umhverfisstofnunar í umsögn stofnunarinnar frá 26. júlí 2024 varðandi atriði sem þarf að huga að til að uppfylla markmið um ástand vatnshlota skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 s.s. áhrif framkvæmda, fyrirkomulag fráveitu, eftirlit með starfsemi og almenna vöktun. Þá er mikilvægt að meta þarf möguleg neikvæð áhrif vegna aukinnar mengunar á lífríki innan hafnar sem og í næsta nágrenni við höfnina.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

